

9. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
fimmtudaginn 13. febrúar 2020, kl. 17:00.

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson, Sigurdis Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Birkir Helgason, .

**1. Djúpvegur, um Hattardalsá, umsókn um framkvæmdaleyfi - 2002001**

Tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 30. janúar 2020 þar sem Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi á Djúpvegi 61 um Hattardalsá á um 2,2 km kafla með byggingu nýrrar brúar. Fyrirhugaður vegur kemur til með að liggja um lönd jarðanna Minni-Hattardalur, Meiri-Hattardalur og Meiri-Hattardalur 2.

Fyrir liggur leyfi landeiganda fyrir framkvæmdunum.

*Framkvæmdin er tilkynningarskyld samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1 viðauka laganna.*

*Niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 19. febrúar 2018 er að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Nýr vegur og brú mun liggja um leirur Hattardalsár, leirur eru vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Framkvæmdasvæðið mun raska leirum á um 0,9 ha svæði. Samkvæmt greinargerð Rorum (2017) mun fyrirhuguð framkvæmd hafa lítil áhrif á leirur og sjávarfitjar við Hattardalsá, framkvæmdin mun hvergi liggja um sjávarfitjar.*

*Efnismagn er áætlað 60 þúsund m<sup>3</sup>.*

*Vegurinn er í samræmi við nýtt Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030.*

*Endurbæturnar munu bæta umferðaröryggi á Djúpvegi.*

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd telur að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið en hafi jákvæð umhverfisáhrif í bætum samgöngum og meira umferðaröryggi. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni.*

*Samþykkt*

**2. Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu - 2001005**

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun dags. 10. janúar 2020 er varðar endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu. Endurvinnsluhlutfall í Súðavík er 4,68% sem er langt frá settu markmiði fyrir árið 2020 sem er 50%.

*Lagt fram til kynningar.*

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í útboð á sorphirðu í sveitarfélaginu sem allra fyrst. Sveitarstjóra falið að segja upp samningi um sorphirðu við Gámaþjónustu Vestfjarða (Terra).*

*Samþykkt*

**3. Rósir ehf v. gatnaframkvæmdir, við Aðalgötu 6 - 2001008**

SS

AKR

La ef K

Tekið fyrir bréf frá Lögmenn Laugavegi 3 dags. 16. janúar er varðar gátnaframkvæmdir við Aðalgötu 6 skv. framkvæmdaleyfi útgefnu af skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkur, dags. 14. september 2016.

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að ræða við Vegagerðina um lausn í málinu í samræmi við umræður á fundinum.*

*Samþykkt*

#### 4. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Tekin fyrir athugasemd Hraðfrystihússins Gunnvarar hf eftir samþykkt sveitarstjórnar á athugasemdum sem fram komu á umsagnar- og athugasemdafresti skipulagsins.

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd þakkar framkomna athugasemd, hún er í meginatriðum sú sama og kom fram á athugasemdafresti skipulagsins. Nefndin telur sig hafa svarað umræddum athugasemdum á fundi þann 6. janúar 2020.*

*Sveitarfélagið og Hraðfrystihúsið Gunnvör HF eru ekki sammála um hvar staðsetja eigi Kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, það hefur komið fram á fundi nefndarinnar og sveitarstjórnar með forsvarsmönnum fyrirtækisins.*

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd telur að ekkert í framkominni athugasemd breyti afstöðu nefndarinnar til Aðalskipulags Súðavíkurhrepps 2018-2030 eða deiliskipulags inn af Langeyri.*

*Samþykkt*

#### 5. Aðalgata 1, uppkaup - 2002002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Alexander Svavarssyni og fjölskyldu dags. 27. janúar 2020 þar sem óskað er eftir að Súðavíkurhreppur kaupi húsnaðið við Aðalgötu 1, Súðavík vegna hættu á snjóflóðum.

*Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að í lóðarleigusamningi fyrir lóðina dags. 25. mars 2004 kemur skýrt fram í 2. gr. að mannvirkið á lóðinni heyrir undir lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, og reglugerð nr. 505/2000. Einnig kemur fram að lóðin og mannvirki á henni eru háð takmörkunum og kvöðum. Þar segir órðrétt.*

*„b. Gera má ráð fyrir að lóðarhafi verði fyrir óhagræði vegna ofangreindra ráðstafana vegna snjóflóðahættu, svo og annarra ráðstafana af því tilefni, sem eftir atvikum kunna að hafa áhrif á nýtingarmöguleika, verðnæti eignarinnar, o.s.frv. Leigusali ber ekki neins konar bótaábyrgð vegna slíkra afleiðinga.“*

*Nefndin hafnar því erindinu.*

*Hafnað*

Fundi slitið kl. 17:55.


S J

AKR


HF


2

fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
13.02.2028

  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
Hulda Gunnarsdóttir

  
Þorbergur Kjartansson

  
Sigurdis Samúelsdóttir